

Ár 2017, þriðjudaginn 19. september, kl. 09:00 er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) háð á skrifstofu KSÍ í Laugardal, af Sigurði G. Guðjónssyni (dómsformanni), Jóhannesi Albert Sævarssyni og Brynjari Níelssyni.

Fyrir er tekið

mál nr. 1/2017

Stjarnan Knattspyrnudeild

gegn

Breiðablik Knattspyrnudeild

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

dómur.

I

Mál þetta dæma Sigurður G. Guðjónsson, Jóhannes Albert Sævarsson og Brynjar Níelsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var kveðinn upp þann 12. september 2017. Úrskurðarorð hins kærða úrskurðar er svohljóðandi:

„Kröfum kæranda [Stjörnunnar] er hafnað. Úrslit í leik Breiðabliks1 gegn Stjörnunni í leik liðanna sem fram fór á Kópavogsvelli 6. september 2017 í Íslandsmóti 4. flokks kvenna, a-liða, standa óbreytt.“

Áfrýjun úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar barst skrifstofu KSÍ þann 15. september 2017 þar sem knattspyrnudeild Stjörnunnar gerir eftirfarandi kröfur:

Að úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í máli nr. 7/2017 verði hrundið og breytt, þannig að úrslitum í leik Breiðabliks 1 gegn Stjörnunni í úrslitakeppni Íslandsmóts í 4. flokki kvenna sem fram fór miðvikudaginn 6. september s.l. verði breytt og leikurinn dæmdur unninn 0-3 fyrir Stjörnunni.

Ekki liggur fyrir greinargerð frá varnaraðila í málinu.

II

Málavextir eru þeir að í úrslitakeppni 4. flokks kvenna spilaði leikmaður nr. 60 í liði Breiðabliks tvo leiki gegn Stjörnunni. Annars vegar með Breiðabliki 2 þann 1. september 2017 og hins vegar með Breiðabliki 1 þann 6. september 2017.

Breiðablik byggir á því að þetta sé heimilt samkvæmt reglugerð Knattspyrnusambands Íslands og vísar þar um meðal annars til gr. 35.1.3. Stjarnan telur að þessi liðsskipan Breiðabliks sé í andstöðu við ákvæði 7.3. og 35.1.3 áðurgreindrar reglugerðar.

III

Í gr. 7.3 í reglugerð Knattspyrnusambands Íslands um knattspyrnumót er að finna þá meginreglu að ef félag sendir tvö lið til keppni í sama móti þá megi enginn leikmaður leika nema með einu liði. Frá þessari meginreglu er undantekning í gr. 7.3, sem mælir yfir um það að í keppni yngri aldursflokka sé heimilt að víkja frá reglunni, enda fari um það eftir sérstökum reglum. Þessar sérreglur um keppni yngri aldursflokka er að finna í gr. 35.1.3. Í ákvæði þessu segir „Þegar félag er með tvö A lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 1 og 2 þar á eftir.“ Í ákvæðinu eru engar takmarkanir á því að leikmenn úr liði 2 leiki með liði 1. Hinn kærði úrskurður er því staðfestur.

Með vísan til framangreinds og forsendna hins kærða úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar að öðru leyti er hann staðfestur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sigurður G. Guðjónsson [sign]

Jóhannes Albert Sævarsson [sign]

Brynjar Níelsson [sign]